

Komiði sæl.

Ég heiti Áslaug Guðrúnardóttir og starfa sem fréttamaður á Ríkisútvarpinu. Í erindi mínu, fjölmiðlar og næringarmál ætla ég að reyna að svara spurningunni "hvaðan koma upplýsingar til almennings?". Hvaðan koma upplýsingar um næringarmál sem fréttamenn og aðrir fjölmiðlamenn ákveða að taka til umfjöllunar og bera á borð fyrir hlustendur, áhorfendur og lesendur. Þetta geta til dæmis verið niðurstöður rannsókna á matvælum, lyfjum eða fæðubótarefnum.

Eins og gefur að skilja get ég ekki svarað spurningunni fyrir hönd allra fjölmiðla í landinu en ég gef mér að vinnubrögðin séu ekki svo ýkja ólík milli miðla. Þá eru fjölmargir sem starfa við dagskrárgerð og fréttapætti hjá Ríkisútvarpinu og það kann að vera að þeirra sýn á þessi mál sé önnur en mín.

Ég er í vaktavinnu á Fréttastofu RÚV. Við fréttamenn þar vinnum bæði fyrir útvarp og sjónvarp eftir að fréttastofurnar voru sameinaðar fyrir rúmlega tveimur árum. Áður hafði ég verið á fréttastofu útvarpsins í nokkur ár. Fréttastofan flytur fréttir allan sólarhringinn í útvarpinu og einu sinni eða tvisvar á sólarhring í sjónvarpinu. Fréttastofan heldur úti mörgum fréttapáttum, Morgunútvarpinu og Síðdegisútvarpinu á Rás 2, Speglinum og hádegisútvarpinu á báðum rásum, Vikulokunum á laugardagsmorgnum á rás 1, og nú í haust fórum við af stað með Landann í sjónvarpinu sem er frétt- og mannlífsþáttur á sunnudagskvöldum. Aðrir fréttatengdir þættir eins og Kastljós, Silfur Egils og Návígi eru ekki á vegum fréttastofunnar, heldur innlendrar dagskrárdeildar, en við á fréttastofunni vitum af þessum þáttum og það kemur fyrir að við höfum samvinnu við þá sem stýra þeim ef eitthvað verulega frétt næmt er þar á dagskrá.

Í mars var til dæmis viðtal í Kastljósinu við ungan mann sem háði stranga baráttu við aukakílóin og var næstum búinn að ganga af sér dauðum með því að taka inn lyf sem ætluð eru hrossum. Lýsingar hans voru sláandi og okkur þótti ástæða til að vekja sérstaka athygli á málinu. Einnig var talað við dýralækni og einkaþjálfara á líkamsræktarstöð. Ég gerði stutta frétt upp úr þessu innslagi Kastljóssins sem var sýnd í sjónvarpsfréttum á undan Kastljósþættinum. Upplýsingarnar um að fólk væri að taka þessi lyf komu til okkar af spjallvef eins og Barnalandi.

Svona hljómaði helstið: Lífshættulegt astmalyf ætluð hrossum er notað af fólki sem vill grennast. Íslenskur karlmaður sem notaði lyfið missti tíu kíló á tveimur vikum. Lyfið getur valdið hjartastoppi.

Svo kom fréttin:

W0 37]] C2.5 G 118 [[

Inn:

Út:

Samt =1:58

((...

....))

Það má kannski segja að næringar- og fæðubótarefni beri oftast á góma í hinum ýmsu þáttum fréttastofunnar og þáttum eins og Kastljósi heldur en í beinhörðum fréttum. Þættir eins og Morgun- og síðdegisútarpið fjalla reglulega um næringartengd málefni og svo eru fjölmargir aðrir þættir á báðum útvarpsrásunum sem fara vítt og breitt um sviðið og reglulega heyra hlustendur umfjöllun um næringu og fæðubótarefni þar.

Ég hef áhuga á þessum málaflokki eins og reyndar fjöldamörgum öðrum en ég þurfti samt að gúgla hvað skammstöfunin MNÍ stæði fyrir þegar fyrst var leitað til mín með að flytja þetta erindi. Það segir kannski ekki neitt, kannski tek ég bara svona illa eftir, en kannski segir það okkur að Matvæla- og næringafræðafélag Íslands mætti vera sýnilegra. En það er erfitt að slást um athyglina, og kannski ekki síst á þessum ólgu tímum sem við lifum nú.

Þegar ég var beðin um þetta sá ég fyrir mér að ég tæki jafnvel viðtöl við annað fjölmiðlafólk á öðrum miðlum sem sérhæfir sig að einhverju leyti í þessum geira, þá sem eru með fasta umfjöllun um næringu og tengd málefni í blöðum eða þáttum. Það er kannski verðugt verkefni fyrir meistaranema í háskóla að rannsaka til hlítar hvaða upplýsingar um þessi mál koma og hversvegna sum mál en ekki önnur rata í fjölmiðla. Það þótti mér hinsvegar of viðamikið verkefni fyrir þessa ráðstefnu og því ákvað ég að einbeita mér að því sem mér stendur næst, fréttatímum Ríkisútvarpsins.

Í fljótu bragði má segja að það sé orðið fremur fátítt að við flytjum fréttir sem tengjast næringu og heilsu. Slíkar fréttir hafa vikið fyrir hamförum af öllum toga.

Dagurinn í vinnunni hjá okkur fer meira og minna í að dekkja atburði dagsins og það eru orðin mörg ár síðan hægt var að tala um gúrkuþíð í fréttum. Það er kannski svolítið skemmtilegt orðasamband í þessu samhengi, þýðir beinlínis að þegar ekkert er í fréttum fjöllum við um gúrkur - og hollusta þeirra verður seint dregin í efa. Dagbundin mál skyggja því á umfjöllun um aðra þætti, þætti sem þó snerta líf og störf allra, eins og til dæmis næringu. Án hennar getum við ekki lifað og það er því kannski svolítið skrýtið að ekki skuli vera meira um hana fjallað.

En fréttir eru fréttir - það sem þykir fréttæmt er yfirleitt eitthvað sem er óvenjulegt, öðruvísi, ófyrirséð og oftast en ekki eitthvað sem miður fer. Þeir sem segjast hætta að fylgjast með fréttum (sem er viðhorf sem er búið að vera í tísku í nokkurn tíma) segjast búnir að fá nóg af hörmungarfréttum. Fólk vill ekki heyra um fleiri peningaskandala, hrun, hamfarir og spillingu. Nennir ekki að hlusta á stjórnámamenn í skotgrafarhernaði, eða fara eins og ketti í kringum heitan graut. Fólk segir stundum að stjórnámamenn séu snillingar í að tala lengi um ekki neitt og svara spurningum án þess að svara þeim. Ef markmið okkar á fréttastofunni væri það að auka áhorf og hlustun á fréttir gætum við til dæmis reynt að sniðganga stjórnámalin eða hagtölur eða eitthvað slíkt en við verðum auðvitað að halda okkar striki og segja fréttir af því gerist og sem við teljum að almenningur þurfi að vita. Svo reynum við inn á milli að setja fram skemmtileg mál og forvitnileg í þeirri von að einhver sé að hlusta. Og það er einhver að hlusta, þó svo með netvæðingunni og öðru hafi dregið úr áhorfi og hlustun, þá njótum við að minnsta kosti trausts! En það er fremur sjaldgæft að sagðar séu beinar fréttir af næringarmálum. Það er einna helst ef okkur berast niðurstöður rannsókna sem við tökum mark á og við teljum að eigi brýnt erindi við almenning. Slíkar rannsóknir eru eflaust mýmargar og mun fleiri en við fréttum af og jafnvel misjafnar að gæðum eftir því.

Við fáum gríðarlega mikið efni utan úr heimi, sem fréttamenn í erlendu deildinni fara yfir og ákveða hvaða mál þeir skrifa um. Það kemur fyrir að það sé ekki augljóst hvað eigi að fjalla um og þá ræður að einhverju leyti áhugasvið fréttamannsins því hverju hann tekur eftir og hvað hann velur. Einn samstarfsmaður minn hefur skrifað meira um heilsutengdar rannsóknir en aðrir en hann er í leyfi sem stendur og ég hef tekið eftir því að slíkar fréttir eru þá fátíðari. Þeir hafa reyndar rætt það í erlendu deildinni að þeir þurfi að fara að taka sér taki hvað varðar hverskonar vísindarannsóknir. Það var kannski meria um slíkar fréttir áður fyrr, áður en efnahags- og veðurkerfi heimsins tóku að skjálfa og breytast. Einn fréttamannanna úr erlendu deildinni taldi og svaraði mér hiklaust að fréttir af þessum toga hefðu að miklu leyti vikið fyrir fréttum af náttúruhamförum vegna veðurofsa. Fréttamenn Ríkisútvarpsins reiða sig á miðla sem hafa sýnt að þeir séu traustsins verðir. Þar sem er ströng ritstjórnarstefna og eru stunduð gagnrýnin

vinnubrögð. Upplýsingar um rannsóknarniðurstöður sem við segjum frá koma helst frá fréttaveitum Reuters og AP, frá breska ríkisútvarpinu BBC og norrænum ríkisfjölmiðlum. Algengast er að þessar rannsóknir séu úr vísindatímaritum eins og Lancet, New England Journal of Medicine eða komi frá stofnunum eins og bandarísku matvæla- og lyfjastofnuninni eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Hér heima fylgjumst við auðvitað með Læknablaðinu, vefjum Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar svo eitthvað sé nefnt. Þessi blöð og vefir eru í reglulegri skoðun og áreiðanlega fleiri og svo fær netfangið frettir@ruv.is allt upp í 250 tölvupósta á sólarhring. Þar er öðru hvoru eitthvað sem snertir næringarmál. Það er enginn einn fréttamaður með þau mál sérstaklega á sinni könnu. Við þurfum að setja okkur inn í mál af öllum toga. Fréttastofan er mjög lítil á heimsmælikvarða, á einum degi eru kannski tuttugu fréttamenn að störfum á meðan þeir skipta hundruðum á öðrum fréttastofum eins og í Danmörku og Svíþjóð. Við getum því með engu móti verið með sérhæfða fréttamenn í hverjum málaflokki. Auðvitað hafa fréttamenn mismunandi áhugasvið og fréttirnar sem þeir vinna markast oft af því. Ég hef til dæmis lítið fjallað um fjármálafyrirtæki eða stóriðjuframkvæmdir en meira um hinar ýmsu hliðar mannlífsins, menningu og listir, fátækt og sjúkdóma svo fátt eitt sé nefnd, en líka fæðubótarefni. Og það er þessvegna sem ég stend hér.

Þegar fjallað er um mat í fréttum er það oftast vegna þess að eitthvað er að eins og ef matvörur eru innkallaðar vegna galla. Mikið er fjallað um matarverð, sérstaklega nú í kreppunni og jafnvel að hollur matur sé dýrari en óhollur. Þeir sem hafa minna milli handanna hafa ekki efni á því að borða skynsamlega. Það er svo mín skoðun að þegar best lét í góðærinu þá voru kröfurnar sem gerðar voru til matar svo hann gæti talist hollur komnar út fyrir öll skynsemismörk. Lífrænt ræktað, glaðar hænur, engin fita, glútenlaust, gerlaust, andoxunar hráfæði. Og það nýjasta heitir ofurfæði. En fólk virðist ginkeypt fyrir þessu og Íslendingar virðast einnig vera tilbúnir til að kaupa sér fljótvirkar töfralausnir.

Þá komum við kannski að kveikjunni að því að ég fjallaði síðast um Herbalife. Það var grein sem birtist í Læknablaðinu um rannsókn á fólki sem greinst hafði með lifrarsjúkdóma sem hægt var að rekja til neyslu Herbalife vara. Það sýnir kannski hvað þetta er lítill heimur að einn höfundanna og sá sem ég talaði við vegna málsins er einn fyrirlesara hérna í dag, Magnús Jóhannsson lyfjafraeðiprófessor.

Fréttin var svona: Herbalife vörur geta valdið lifrarskaða samkvæmt nýrri íslenskrri könnun sem birt er í Læknablaðinu. Sagt var frá greininni í hádegisfréttum og

skömmu síðar kom yfirlýsing frá Herbalife Europe sem segir greinarhöfund reka áróður gegn Herbalife:

☒W1 37]] C2.5 G 196 [[

Inn:

Út:

Samt =3:16

((...

....))

Viðbrögð Herbalife manna létu ekki á sér standa. Yfirlýsing frá höfuðstöðvum þeirra í Bandaríkjunum barst í pósti og þeir hótuðu Magnúsi kæru og ég veit ekki hverju. Þeir vildu stýra því við hverja við töluðum af þeirra fólki en á endanum tókst að fá Jón Óttar Ragnarsson, næringarfræðing og dreifingaraðila Herbalife í viðtal við Svein Guðmarsson og Margréti Marteinsdóttur í Morgunútvarpinu í mars:

26102010 ASG JOR1

Inn: hverju svarar þú

Út:finnst það frábært

☒W2 26]] C2.5 G 97 [[

Samt=1:37

Fréttamenn fá stundum að finna fyrir því á eigin skinni ef þeir fara inn á viðkvæm svið. Herbalife fyrirtækið virðist mjög viðkvæmt fyrir gagnrýni og gríðarlega erfitt er að fá upplýsingar um vörur þeirra og starfshætti. Annar fréttamaður hafði fyrir nokkrum árum gert svipaðar fréttir af Herbalife og strax í kjölfarið hrapaði þjónustustigið hjá kaupmanninum hans á horninu sem alla tíð hafði verið liðlegur og kurteis. Í ljós kom að sá var búinn að ná langt í Herbalife píramídanum og gat slegið um sig með háum sölutölum. Fréttamaðurinn varð beinlínis fyrir aðkasti vegna fréttaplutningsins og flutti viðskipti sín annað.

Ég vona að með þessu hafið þið fengið örlitla innsýn inn í hvernig við störfum.

Svo þakka ég gott hljóð - góðar stundir!

Kær kveðja,

Áslaug Guðrúnardóttir | fréttamaður RÚV |

RÚV | Efstaleiti 1 | 150 Reykjavík |

Sími 5153624 | Farsími 8657406 |

aslaug@ruv.is | <http://www.ruv.is/> |